

**Sp. 511. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]**

um sameiningu Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að auðið sé að sameina í eitt fyrirtæki Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins, og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem verða má, tillögur um þær breytingar, sem gera þarf á gildandi lögum um stofnanir þessar í sambandi við sameininguna.

**Greinargerð.**

Árið 1950 lagði fjármálaráðherra í umboði ríkisstjórnarinnar fyrir Alþingi frumvarp til laga um Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins. Í athugasemdum við frumvarpið var svo orði komið um tilgang þess:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að sameina í eina stofnun Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Ríkisstjórnin hefur leitast við að finna leiðir til þess að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn og gera hann hagfelldari. Hefur verið skýrt frá nokkrum ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur ýmist gert í þessu skyni eða mun gera tillögur um. Ein þeirra er sú að sameina þessi tvö fyrirtæki, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Telja menn sig mega vona, að af þessu leiði sparnað í beinum rekstrarkostnaði stofnananna.“

Frumvarp þetta varð ekki útrætt, og hefur málið ekki verið tekið upp síðan.

Naumast mun vera ágreiningur um nauðsyn þess að reyna með einhverju móti að draga úr rekstrarkostnaði ríkisins, og það var á sínum tíma álit þáverandi — og einnig núverandi — fjármálaráðherra, sem manna bezta aðstöðu hefur til að meta þau atriði, að sameining þessara tveggja ríkisstofnana gæti leitt til töluverðs sparnaðar í rekstri fyrirtækjanna. Engin ástæða er til að álíta, að ekki sé nú hægt að ná sama árangri með sameiningu fyrirtækjanna.

Þegar umrætt stjórnarfrumvarp var flutt árið 1950, mun það m. a. hafa átt töluverðan þátt í að hindra framgang málsins, að forstjórastaðan við hvorugt fyrirtækið var þá laus. Nú standa hins vegar svo sakir, að forstjóri annars fyrirtækisins er að hætta störfum, svo að sameiningin þarf ekki að leiða til þess, að af þeim sökum þurfi að láta forstjóra annars fyrirtækisins víkja.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa því talið rétt að hreyfa þessari sparnaðar-tillögu nú með hliðsjón af þessum aðstæðum. Teljum við réttara að taka málið upp í þingsályktunartillöguformi heldur en endurflytja stjórnarfrumvarpið frá 1950, þar sem nú er orðið áliðið þings og óvíst, að frumvarp fengi fullnaðarafgreiðslu. Það skiptir líka mestu máli, að Alþingi láti í ljós vilja sinn um sameininguna, áður en skipaður verður nýr forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins, því að síðar má ganga frá nauðsynlegum formsatriðum varðandi sameiningu fyrirtækjanna.